

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 03.05. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 21:08

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Opnunarmót á kænnum

Það verður eftir 10 daga (12 maí). BS spyr hvort við eigum að taka þátt, ef svo hvort við þurfum ekki að hafa eina upprifjunaræfingu. EK segir að við höfum aldrei tekið þátt í þessu er ekki viss um að það hafi verið haldið, Þytur átti að halda þetta í fyrra en það var ekki gert, enginn tilkynnti um þátttöku. GGH spyr hverjir eru í mótsstjórn hjá Þyt eru EK og Magnús Jónsson. TÆ vill heyra hljóðið í krökkunum, kanna áhuga þeirra. FH segir að verðum að flytja bátana í Kópavog bæði Laser og Optimista, segir mögulegt að skipta um bátana sem víxluðust í fyrra í leiðinni, EK segir hægt að tala við Haffa um að komast að þeim. BS nefnir að hringja í 8 krakka. GGH vill hafa fleiri getum fengið lánaða báta. BS segir að krakkarnir þurfi aðstoð á æfingunni, telur ólíklegt að þau geti sjósett bátana, sjálf. EK segist þurfa að áréttu við Má. BS hefur fengið þær leiðbeiningar að setja neðst böglaberg og ofan á það sérstaka mól sem læsist saman, GGH nefnir malbiksfræs. EK segir að sé dýrt, höfnin á að borga, leggur til að henni verði sendur reikningurinn. GGH segir að 1 bíll reddi ýmsu segir að í fyrra hafi komið 3 “trailerar” með sand, það þurfi að tala við höfnina, það þurfi gröfu og þetta þurfi að gerast árlega. BS talar við unglíngana um optimistæfingu um næstu helgi.

2. Funi

TÆ hefur lagt fram bréf um verð á mastri, bómu og spinnaker á Funa, kostar 748 pund út úr húsi erlendis. EK segir, ekkert minnst á stög, en ef við fáum þetta er báturinn tilbúinn. GGH segir okkur eiga bómu, seglin voru í lagi til var fokka, genúa og belgsegl. TÆ segir að það þurfi að taka saman allt sem til er og skoða það, segir að það þurfi annað hvort að gera bátinn upp eða selja hann, því svona eyðileggst hann. EK segir gott verkefni fyrir næsta vetur. GGH segir að það þurfi að taka bátinn inn. EK leggur til að verð verði könnuð betur, með stögum og öllum spottum, þetta verði pantað næsta vetur, báturinn fari inní hús næsta haust, en þarf að taka inn í girðinguna núna. GGH nefnir að það þurfi að þússa allan bátinn upp, það þarf líklega krana til að setja hann í aðra kerru,

segir að önnur Secret kerran mætti vera undir honum einhvern tíma, segir einhvern hafa spurt hvort hann væri til sölu. EK segir að væri til sölu fyrir 200.000. FH flettir í bókhaldinu, er í því metinn á rúm 192.000.

3. Hæfur háseti

EK byrjaði fyrsta námskeið sumarsins í gær, Árni Þór Hilmarsson hjá bænum hefur hringt nokkrum sinnum í vetur, 3 einstaklingar eru á námskeiðinu. Planið er að þeir taki 17 klst hér og 15 klst. í björgunarskólanum. Heildarverð er 20.000 á hvern þátttakanda þar af fær björgunarskólinn 6.000. Nemendur eru búnir með 2 tíma, 10 verða í næstu viku og þá eru 5 eftir, segir að taki alltaf 2 vikur. EK segir tímabært fyrir menn að fara aftur í björgunarskóla. FH segir að þurfi að fá námskeið fyrir unglingana sem koma til með að vinna í sumar, stingur uppá að það verði rétt við Helga. GGH segir að Jökull hafi rétt til að kenna fyrstu hjálp. GGH segir: nú eru hafin námskeið og báturinn sem er notaður hefur ekki haffærnisrátt, Skegla er með það. Það var búin til sjúkrakassi fyrir Skeglu sem er viðurkenndur af Siglingamálastofnun. GGH segir að vanti íslenska fána á báða bátana, finnst að bátsmenn ættu að yfirfara. EK segir: þátttakendur vita að þeir fái ekki rétt til að sigla sjálfir nema með skipsstjóra. Sigla áfram ef leigja með skipsstjóra eða borga siglingagjöld, segir að þeir sem fari á námskeið fái námskeiðsgjöld upp í siglingagjald. FH finnst ekki rétt. EK segir að það vera 14.000 upp í. GGH segir að hafi verið þannig 95-96, hafi verið gert til að reyna að halda mönnum inn í siglingunum. FH segir að það þurfi að finna upphæðina sem menn fái fyrir að gera þetta. FH og EK sammála um að allir fái sömu kjör. GGH spyr hvað er eðlilegt fyrir þessa vinnu. EK nefnir 17.000. Há finnur möppu með sínum námsgögnum. EK pantaði 10 nemendahefti fyrir námskeiðið er með minnispunktum og myndrænt, kostar innan við 1000 kr. GGH segir að Benni láti borga fyrir allt. BS segir umræðu um námskeiðsgjöld og siglingagjöld ókláraða. FH segir að ekki eigi annað að gilda en það sem stendur í verðskránni, sér ekki ástæðu til að gera þetta. BS finnst að það þurfi að standa við það sem sagt hefur verið við þá sem eru byrjaðir. FH segir að ef menn læri annars staðar þá fái þeir ekki afslátt, segir e.t.v. möguleika á einhverju hlutfalli, ítrekar að sér finnst ekki rétt að það gangi allt upp í. EK stingur upp á 10.000. Samþykkt: “að 10.000 af námskeiðsgjaldi gangi upp í siglingagjald fyrir heilt ár (25.000) ef menn vilja halda áfram að sigla árið 2001”. 6 samþykkja tillöguna 1 situr hjá.

4. Bréf frá Ragnari Hilmarssyni

Um æfingasegl á Laser kosta 2995 Sek með seglapokum og sprekum, en án masturs. EK heldur að séu ný segl er ca. 35.000 ísl. FH segir að vanti fót. GGH segir að Haffi hafi keypt stórt segl í Danmörku, notað en kostaði 20.000 ísl. EK segir að þurfum fleiri radialsegl. FH segir að Gauji viti allt um þessi mál í Danmörku, Niels kemur heim í sumar e.t.v. gæti hann keypt og tekið með. GGH talar við Guðjón og Danna. FH segir að það þurfi líka fætur.

5. Enn um erlenda siglingaþjálfara

Ýmir var búinn að finna íþróttamenntaðann mann í austur- evrópu. Þeir fá ekki styrk, sem þeir reiknuðu með, þannig að þeir geta ekki ráðið hann. EK segir að Birgir Ari hafi spurt hvort við gætum notað hann eitthvað. Ýmir getur borgað hluta af honum, hafa áætlað kostnað: flug 80.000 og 100.000 á mánuði ætluðu að gera við hann verktaka-samning og láta hann gista í Ými. EK segir synd að missa menntaðan mann ef er góður. FH spyr hvort hann er lagður af stað. FH segir ekki útilokað að nota hann eitthvað á kvöldin. EK veltir upp hvort möguleiki geti verið á sameiginlegum æfingum, félögin gætu sameinast um hann. FH spyr hvort við getum rætt við hina um að koma hingað og æfa hér. GGH segir að Brokey vera að flytja í Grafarvog sem hann telur gott fyrir siglingarnar. EK ítrekar hvort við gætum nýtt hann á kvöldin eða t.d. annan hvern mánuð hér og í Kópavogi, gæti e.t.v. farið 2 kvöld í viku til Keflavíkur. GGH vísar til nefndarinnar. FH talar við Harald og Birgi Ara. GGH og TÆ vilja ekki taka ákvörðun hér og nú,

6. Kappsiglingarfyrirmæli

EK lofar að klára þetta um helgina.

7. Haffærnisráðgjafi

Þarna er ekki með haffærnisráðgjafi. Rætt hvað þurfi að vera í lagi: sjúkrakassi, talstöðvar í lagi, fána á báða bátana, fata líklega ekki nóg sem slökkvitæki, járnklippur taldar betri en sög, flauta, blys. GGH finnur skjúkrakassa Skeglu í honum er listi yfir innihald kassans. TÆ segir að það ætti að vera til "tékklisti" FH segir okkur hafa borgað gjöld fyrir báða bátana. EK segir það veita takmarkað haffærnisráðgjafi. HÁ hringir í Siglingamálastofnun og tekur saman lista yfir það sem þarf að vera í bátunum.

8. Róðrarkeppni

Á sunnudaginn sigldu EK og TÆ með útlendinga. Hittu Jóa á Fjörukránni, Færeyingar vilja skora á Íslendinga í róðrarkeppni, helgina fyrir sjómanna dag. Róðrardeildin verður á Ítalíu þá, en til er varalið. 6-8 eru í áhöfn. TÆ spyr hvort við gætum þurft að fylla upp í liðið. Er hugsanlegt.

9. Sjómanna dagurinn

Nefnt hefur verið við GGH hvort við gætum tekið þátt í róðrinum, vísaði til EK sem sagði að við gætum verið með siglingar fyrir almenning, Optimistar of dýrir til að lána almenningi. EK nefndi við Karel hvort við gætum boðið áhöfnum að koma og. GGH vill bjóða upp á kynningarsiglingar héðan eða frá Fjörukráarbryggju. EK hefur sagt Karel að gangi ekki ef á að sigla frá Óseyrarbryggju þá eru siglingarnar fyrir hvor annari. GGH segir að nú erum við með mótorbát og getum starfað með Slysavarnarfélaginu þeir geti sagt okkur ef þyrilan kemur þá er hægt að reka alla í land. EK nefnir að þyrilan geti bjargað einhverjum úr Secret, það hefur aldrei verið gert. HÁ segir að sé stórhættulegt. BS nefnir að krakkar sem hafi siglt á Optimist geti komið og fengið að sigla. GGH vill að verði tekið fram í auglýsingunni um daginn

10. Félagsskírteini

GGH hefur hannað útlit á félagsskírteini. Mönnum líst vel á. EK nefnir að mætti vera númerað. GGH nefnir að gjaldkeri kvitti á það. FH segir einhverja e.t.v. til í að borga fyrir bakhliðina. Fram kemur að það þurfi aðeins þykkari pappír en vélritunarpappír. GGH klárar þetta. Plöstanarvél er enn ókeypt FH hefur fundið ódýrari. EK og GGH segja að þurfi að ráða við stífara plastið.

Fleira ekki gert og fundi slitið 22:39

Birna Sigbórsdóttir (sign)